

FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

CORSODYL 2 mg/ml munnholslaun klórhexidínglúkónat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og tannlæknirinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðum.
- Látið tannlækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Látið tannlækninn eða lækinn vita ef einkenni lagast ekki eða versna.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Corsodyl og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Corsodyl
3. Hvernig nota á Corsodyl
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Corsodyl
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. UPPLÝSINGAR UM CORSODYL OG VIÐ HVERJU ÞAÐ ER NOTAÐ

Corsodyl er sóttreinsandi lyf til munnhirðu.

Corsodyl er notað til sóttreinsunar fyrir og eftir munn- og tannaðgerðir. Tímabundið við munnbólgu af völdum gervitanna. Corsodyl er einnig notað til tannhreinsunar þegar erfitt getur verið að koma henni við t.d. vegna tímabundins sjúkdóms, slyss, mikillar tannsteinsmyndunar, tannholdsbólgu og tannslíðursbólgu. Lausnina má einnig nota við tannréttingar.

2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ NOTA CORSODYL

Ekki má nota Corsodyl

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir klórhexidínglúkónati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

- Corsodyl skal ekki kyngja. Spýtið út hugsanlegu yfirmagni.
- Forðist snertingu við augu og eyru. Ef Corsodyl kemst í snertingu við augu fyrir slysi, skulu þau skoluð vel og vandlega með vatni.
- Tannsteinshreinsun skal framkvæmd samtímis meðhöndlun.
- Skal ekki notað til lengri tíma nema í samráði við lækni eða tannlækni.
- Hætta skal notkun Corsodyl og leita lækniástoðar tafarlaust ef þú færð útbrot eða ef varir, tunga, háls eða andlit bólga eða ef þú átt erfitt með andardrátt.
- Hætta skal notkun Corsodyl og hafa samband við tannlækninn ef munnurinn verður aumur eða ef erting kemur fram.
- Tímabundin mislitun á tönnum eða tungu getur komið fram. Forðast má mislitunina með því að takmarka neyslu á fæðu sem getur litað, til dæmis á tei, kaffi og rauðvíni. Draga má úr mislituninni með tannburstun en í sumum tilvikum þarf að þússa tennurnar með tækjum hjá tannlækni/tanntækni.

Notkun annarra lyfja samhliða Corsodyl

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga og brjóstgjöf

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.

Ekki er þekkt nein áhætta við notkun á meðgöngu.

Ekki er þekkt nein áhætta við notkun við brjóstgjöf.

Akstur og notkun véla

Engin þekkt áhrif Corsodyl á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Corsodyl inniheldur makrógólglyserólhýdroxýsterat og sorbitól

Corsodyl inniheldur makrógólglyserólhýdroxýsterat sem getur valdið húðertingu.

Corsodyl inniheldur sorbitól. Ef þú ert með óþol fyrir ákveðnum sykrum skaltu hafa samband við læknum áður en þú notar lyfið.

3. HVERNIG NOTA Á CORSODYL

Notið lyfið alltaf nákvæmlega eins og lækurinn eða tannlækurinn hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá læknum, tannlækni eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er:

Skolið munninn 2svar sinnum á dag með u.þ.b. 10 ml af lausninni í minnst 1 mínútu. Lausninni er þá spýtt.

Ekki skal nota meira en ráðlagðan skammt.

Við munnaðgerðir er Corsodyl lausn notuð í 5 daga fyrir aðgerð og 5 daga eftir aðgerð. Við tannaðgerðir er Corsodyl lausn notuð í 1-3 vikur eftir aðgerð.

Corsodyl er notað eftir tannburstun með tannkremi en ekki fyrir. Skola skal munninn vandlega eftir tannburstun, annars geta leifar af tannkreminu, verkað gegn áhrifum klórhexidínsins. Lyfið getur valdið mislitun tanna, en hægt er að koma í veg fyrir þetta með því að nota Corsodyl t.d. á kvöldin og venjulegt tannkrem á morgnana.

Notið Corsodyl ekki fyrir börn yngri en 12 ára nema samkvæmt ráðleggingum tannlæknis eða læknis.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er notaður

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Leitið til læknisins, tannlæknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR

Eins og við á um öll lyf getur Corsodyl valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Hættið að nota Corsodyl og hafið strax samband við lækni, neyðarmóttöku eða hringið í 112 ef þú færð:

- Bráðaofnæmi: ofnæmisviðbrögð með hita, útbrotum á húð, þrota og stundum blóðþrýstingsfalli

- Þrota í andliti, vörum, tungu eða koki
- Kyngingarerfiðleika
- Öndunarerfiðleika

Ekki er vitað hve margir notendur hafa tilkynnt um þessar aukaverkanir en talið er að þær komi örsjaldan fyrir.

Aðrar aukaverkanir

- Skán á tungu

Þessi aukaverkun er *mjög algeng* (getur komið fram hjá fleiri en 1 af hverjum 10 notendum).

- Munnþurrkur
- Breyting á bragðskyni
- Sviðatilfinning í tungu

Þessar aukaverkanir eru *algengar* (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10 notendum).

- Mislitun tanna og tungu
- Erting og/eða þroti í munni
- Bólga í vangakirtli
- Erting í húð

Ekki er vitað hve margir notendur hafa tilkynnt um þessar aukaverkanir en talið er að þær komi örsjaldan fyrir.

Mislitun tungu er ekki skaðleg og hverfur þegar meðferð er hætt. Ef þörf krefur er hægt að þússa burt mislitun á tönnum. Breyting á bragðskyni og sviði í tungu geta komið upp við upphaf meðhöndlunar, en þessi áhrif hverfa venjulega við áframhaldandi meðferð.

Látið lækinn, tannlækni eða lyfjafræðing vita ef aukaverkanir verða verri eða ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. HVERNIG GEYMA Á CORSODYL

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. PAKKNINGAR OG AÐRAR UPPLÝSINGAR

Corsodyl inniheldur

- Virka innihaldsefnið er klórhexidíndíglúkónat 2 mg/ml.
- Önnur innihaldsefni eru: glýseról, makrógólglyserólhýdroxýsterat, fljótandi (ókrystallað) sorbitól 70%, piparmyntubragðefni og hreinsað vatn.

Lýsing á útliti Corsodyl og pakkningastærðir

Corsodyl er tær litlaus lausn.

Pakkningastærð er 300 ml plastflaska.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi:

GlaxoSmithKline Consumer Healthcare ApS

Postboks 61

2610 Rødovre

Danmörk

Framleiðandi:

Omega Pharma Manufacturing GmbH & Co. KG

Benzstr. 25

71083 Herrenberg

Þýskaland

Samhliða innflutningur:

Heilsa ehf., Hagasmári 1, 201 Kópavogi.

Merking: Lyfja hf., Kópavogi.

Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í apríl 2020.